



## 7. fundargerð loftslags- og umhverfisnefndar. Haldinn á Teams, 17. apríl 2023 kl. 20.00

### Mætt til fundar:

Hannes Ólafur Gestsson, Ísak Jökulsson, Gunnhildur Valgeirsdóttir, Haraldur Ívar Guðmundsson, Sigprúður Jónsdóttir og Hrönn Jónsdóttir

Fundargerð ritaði Hannes Ólafur Gestsson

### 1. Loftlagssefna Sveitarfélagsins

Rætt var um hversu ítarleg loftlagsstefnan sveitarfélagsins á eða ætti að vera en skv. lögum þarf Loftlagsstefna sveitarfélaga ekki að vera ýkja ýtarleg né taka til margra þátta. Nefndin leggur hins vegar til að gengið verði lengra en lög gera ráð fyrir og lagður verði meiri metnaður í Loftlagsstefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Og hyggst byrja vinnu á henni núna í haust.

### 2. Flokkun á Sorpi

Umhverfisnefndin hvetur fólk til að flokka vel en miklir peningar geta sparast ef vel er að staðið í þeim málum. Hrönn var fengin til að senda inn tölur um sorpskiptingu Sveitarfélagsins.

Umhverfisnefndin óskar eftir rafrænu kennslumyndbandi um hvernig frágangur á flokkuðu rusli skuli háttáð sem aðgengilegt væri fyrir alla íbúa sveitarfélagsins.

Umhverfisnefndin óskar eftir nytjagámi í Árnes.

### 3. Ágengar plöntur

Nefndin óskar eftir að fá að byrta í næsta Gauk upplýsingar um ágengar tegundir plantna og hvernig eigi að uppræta þær.

Nefndin óskar eftir að sveitarstjórn muni gera aðgerðir til að uppræta Skógarkerfil sem orðin er nokkur plága í sveitarfélaginu. En slá þarf Skógarkerfilinn áður en hann hefur blómstrað.

Næsti fundur ákveðinn Þriðjudaginn 2. Maí kl. 20:00. Á Teams

Fundi slitið kl. 21:30